

# Læsisstefna



# Leikskólinn Akrar

Apríl 2017

Í lögum um leikskóla segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“ (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Lestraferill barns er frá byrjun leikskóla og út alla skólagöngu, í leikskólanum er verið að vinna með undirstöður lesturs, það er verið að leggja grunninn fyrir lestrarnám:

- Orðaforði
- Málskilningur
- Hjóðkerfisvitund
- Stafapækking

Páttur	Aðgerð	Hvar/hvernig	Hver
Hljóðkerfisvitund	Sögupokar	Samverustund	
	Rím	Við hinar ýmsu aðstæður	
	Samsett orð - orðhlutaeyðing	Við hinar ýmsu aðstæður	
	Hljóðgreining	Við hinar ýmsu aðstæður	
	Samstöfur	Við hinar ýmsu aðstæður	
	Hljóðtenging	Við hinar ýmsu aðstæður	
	Margræð orð	Við hinar ýmsu aðstæður	
	Lubbi finnur málbeinini	Samvera og hópastarf	
	Lærum og leikum	Appið- hópastarf	
	Tónlist og taktur	Samvera og salur	
Orðaforði	Orðaspjall	Samvera og hópastarf	
	Lestur	Samvera og hópastarf	Starfsmenn. Hægt að lesa bækur barnanna
	Pulur	Samvera og hópastarf	
	Söngur	Samvera og hópastarf	
	Sögupokar	Samvera og hópastarf	
	Setja orð á athafnir og hluti	Í öllum aðstæðum t.d. Fataklefa	
	Veðurfræðingur	Samvera	
	Umsjónamaður	Samvera og fyrir matartíma	
	Vináttuverkefni	Samvera og hópastarf	
	Uppeldi til ábyrgðar	Samvera og hópastarf	
		Hugtakaskilningur	Samvera, salur, hópátími, einingakubbar, leikinn
Hlustun og skilningur	Örsögur	Í litlum sögur	
Mál og málskilningur	Sögustundir	Samvera og hópastarf	
	Minnisleikir	Samvera, hópastarf og leik	
	Sögupokar	Samvera, hópastarf og hvíld	
	Samræður	Í öllu starfi	
	Hlusta á sögur í tæki	Hvíld	
	Listræn sköpun eftir sögum	Hópastarf og salur	
	Fyrirmælaleikir	Hópastarf og salur	
	Vináttuverkefni	Samvera og hópastarf	
		Tónlist - söngur	Vinastund, flæði, samvera, kór

Leikur með stafi og hlj	Ritmál sýnilegt	inn á deildum	
	Stílabækur	Í frjálssaleiknum inn á deild	
	Orðamyndir	Í frjálssaleiknum inn á deild	
	Málörvunar verkefni	Samvera, hópastarf, salur	
	Málörvunar stundir	Samvera og hópastarf	
	Sögupokar	Hópastarf	
Tjáning	Bangsar heim		Foreldrar hjálpa barni að skrifa og kennarar að segja frá.
	Frásögn	Samveru	
	Leikrit og dansar	Salur og flæði	
	Samræður	Í öllu starfi, hópastarf	
	Sögur búnar til	Samvera, leikurinn, matartími	
	Söngur og tónlist	Salur, samvera, flæði og kór	
	Sögupokar	Salur og hópastarf	
	Listræn sköpun eftir sögum	Hópastarf og flæði	
	Vináttuverkefni	Hópastarf	
Tvítyngd börn	Setja orð á alla hluti/ Samræður	Í öllu starfi	
	Orðabækur	Markvisst 1x á dag með barni og jafnvel oft og þá jafnvel með fleirum	
	Bækur frá löndum barnanna	Samveru. Leik og hópastarfi	Börnin koma með að heiman
	Sýna móðurmáli barnsins virðingu og hafa sýnilegt í umhverfinu	inn á deildum	
	Koma til móts við barnið þar sem það er statt.		
	Hvetja börnin og hjálpa í samskiptum við önnur börn.	Í öllu starfi	
Foreldra samstarf	Hvetja foreldra til að eiga gæða	Foreldrarfundum og viðtöl	
	lestrarstund		
	Ferðabangsi	Heima skrá frásögn barnsins	Foreldrar
	Fræðsla fyrir foreldra	Fræðslubæklingur, fundir, Fb síða	
	Sérstök áhersla á gott samstarf við erlenda foreldra.	Aðstoð við orðabækur og val á bókum til að taka í leikskólann	Foreldrar

## Söngur og tónlist

Börn á öllum aldri læra fjölbreytta söngva, allt frá gömlum þjóðlegum vísum upp í nútíma popp. Með hverju ári verða textarnir flóknari og við það eykst orðaforði barnanna. Í söngvum þjálfast börnin auk þess í að ríma, klappa takt og fleira. Tónlist örvar hlustun og ýtir undir skilning á takti.

## Ritmálið sýnilegt

Nöfn barnanna eru á hólfum, valspjöldum og skúffum svo þau læri að þekkja nafnið sitt, yngstu börnin læra að þekkja fyrsta stafinn í nafninu sínu. Við merkjum einnig hluti eins og stóla, borð og leikföng. Með þessu móti læra börnin smátt og smátt að þekkja orðin.

## Elstu börn

Elstu börn á Ökrum fara í markviss verkefni tengd læsi s.s. markvissa málörvun, stærðfræði/heimaþekking og kór.

- Í markvissri málörvun er lögð áhersla á þætti hljóðkerfisvitundarinnar s.s. rím, samstöfur, samsett orð, margræð orð, hljóðgreiningu og hljóðtengingu. Til þess að þau geti lært að lesa þurfa börnin að búa yfir færni í þessum þáttum.
- Í heimaþekkingu og stærðfræði er m.a. lögð áhersla á hugtakaskilning, orðaforða, fullt nafn barns og fjölskyldu og heimilisfang og börnin fá þjálfun í að segja frá fyrir framan jafningja.
- Í kórstarfi er lögð áhersla á flóknari lög og texta, taktæfingar, samsöng og grunnatriði í tónmennt. Börnin fá örvun í hlustun og orðaforði eykst, ekki eingöngu í gegnum texta laganna heldur læra þau orð tengd tónlist eins og að syngja veikt og sterkt, tónstigi o.fl.

Á eldri deildunum fær hvert barn stílabók til að æfa sig að skrifa í, allt út frá eigin áhuga. Allt ritmál er vel sýnilegt og börnin hafa frjálstan aðgang að myndum með orðum til að skrifa eftir og nöfnum allra barna deildarinnar. Inn á deildum eru tölvur sem börn geta nýtt sér í frjálsum leik til að skrifa í word skjal.

## Sögupokar

Sögupokar er skemmtilegt og lifandi námsefni sem samþættar flesta þá námsþætti sem samrýmast Aðalnámsskrá leikskóla. Í pokunum er saga, handbrúður og námsefni sem þjálfar hljóðkerfisvitund, örvar lesskilning og lestrarupplifun barnanna. Áhersluþættir eru að: Efla orðaforða, hugtakaskilning, samræður, frásögn og tjáningu. Auðvelt er að aðlaga efnið að aldri og þroska og koma til móts við ólíkar þarfir.



## Lestur

Bækur eru aðgengilegar öllum börnum inn á deildum til að skoða og lesa. Það er lesið fyrir börnin í samveru og líka þegar börnin eru í leik og langar að láta lesa fyrir sig. Á eldri deildum er stundum lesin framhaldssaga og þá þarf að rifja upp hvað var að gerast síðast þegar við lásam áður en byrjað er að nýju.

## Hlustun

Í hvíld er stundum hlustað á sögur af hljóðbókum. Það æfir börnin í að hlusta á og sjá fyrir sér söguviðið hvert á sinn hátt og með því eykur það hugmyndaflug barnanna þannig að hver saga getur haft sína túlkun út frá hverjum og einum.

## Frásögn

Gott er fyrir börn að geta tjáð sig og sagt frá eigin upplifunum eða athugunum. Í samveru fá börnin tækifæri til að koma fyrir framan hópin og segja frá og er Tryggur bangsi góður stuðningur til þess. Hann fer heim yfir helgi með barni og fær að upplifa allt það sama og barnið. Þetta er samvinnuverkefni með foreldrum þar sem þeir skrifa niður frásögn barnsins í þar til gerða bók sem barnið „les“ segir frá í samverustund á mánudegi. Með þessu fá börnin aukið sjálfstraust og verða öruggari í að koma fram fyrir framan hóp.



## Samræður

Samræður skipta miklu máli og í leikskólanum skapast oft aðstæður til samræðna t.d. í fataklefa, við matarborðið og reyndar í flestum aðstæðum leikskólans. Þegar börnin eru í leik eins og að perla, púsla, leira og teikna skapast oft góður vettvangur til að spjalla saman og eru þetta góðar stundir.

## Samvera

Í samveru eru annaðhvort öll börnin af deildinni saman eða þeim skipt í minni hópa og 1-2 kennarar með hópinn. Þar er verið að lesa bækur, segja sögur, hlusta á sögur, börnin segja sögur eða brandara eða frá einhverju sem þau gerður, syngja og margt fleira. Í samveru er líka farið í málörvunarleiki t.d rímleiki, klappa atkvæði og samsett orð.



## Útskýra orð og hugtök / Orðaspjall

Þegar verið er að lesa bækur fyrir börn þá er tækifærið notað til að útskýra hin ýmsu hugtök og orðatiltæki. Börnum finnst mjög áhugavert að heyra hvað svona „gamaldags orð“ þýða. Einnig er farið í Orðaspjall, en það er kennsluefni til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna. Þá er stoppað við orð sem börnin skilja ekki og það rætt og kennari gefur útskýringu á því hvað það þýðir og stundum gefin samheiti. Einnig er hægt að fara í leiki með orðin t.d. látbragðsleik.

## Vináttuverkefni

Vináttu – verkefni Barnaheilla er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla og fór leikskólinn í þróunarverkefnið með vináttu verkefnið í janúar 2016. Markmiðið er að koma í veg fyrir og minnka einelti í leikskólum og skólum. Að samfélagið í leikskólanum einkennist af umburðarlyndi og virðingu. Bangsinn Blær er tákmynd vináttunnar og samhygðarinnar og minnir hann okkur á gildi Vináttu. Öll börn fá lítin Blæ sem þau hafa í leikskólanum alla skólagönguna og fer hann



svo með þeim heim þegar þau hætta. Eftirtalin gildi eru leiðarljós Vináttur:

- Umburðarlyndi
- Virðing
- Umhyggja
- Hugrekki

## Salurinn

Hver deild á salinn einu sinni í viku og er þá farið markvisst í hreyfistundir með börnin þá annað hvort í litlum hópum eða helming deilda og stundum er farið með allann hópinn í leiki eins og Skotbolta, Fallhlífina o.fl. Í salnum er líka hægt að æfa hin ýmsu hugtök sem koma fyrir í leikjum eins og undir, yfir, hratt og hægt. Stundum er farið í slökun og þá er notast við jóga stellingar sem öllum finnst skemmtilegt.